

ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ STARFSÁÆTLUN 2008



Efnisyfirlit

3	Megináherslur ÍTR 2008
3	Skipurit Íþróttar- og tómstundasviðs
4	Helstu verkefni 2007
5	Hlutverk ÍTR
5	Stefnukort 2008
6	Skýringar á markmiðum í stefnukorti 2008
8	Þjónusta – helstu verkefni 2008
10	Verklag – helstu verkefni 2008
11	Mannauður – helstu verkefni 2008
13	Fjármál – helstu verkefni 2008
14	Lykiltölur 2008
16	Skorkort 2008
18	Fjárhagsáætlun 2008

Megináherslur ÍTR 2008

ÍTR sinnir frítímapjónustu þar sem velferð og lífsgæði almennings eru í fyrirrúmi. Í starfsáætlun ársins 2008 verður lögð mikil áhersla á að hlúa vel að starfsfólki til þess að ÍTR geti veitt borgarbúum góða þjónustu. Starfsmenn fá tækifæri til starfsþróunar og kraftur verður lagður í að byggja upp jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi. ÍTR ætlar að standa vörð um mannréttindi, þar á meðal jafnrétti kynjanna, jafnt meðal starfsmanna sem og í þjónustunni. ÍTR mun leita allra leiða til að laða að hæft starfsfólk og sýna í verki vilja sinn til að skapa fjölskylduvænt og eftirsóknarvert starfsumhverfi á tímum sem einkennast af samkeppni um vinnuafli.

Helstu breytingar í fjárhagsáætlun frá árinu 2007 eru vegna hærri leigu á húsnæði í eigu borgarinnar, hærri styrkja til íþrótt- og æskulýðsfélaga og hærri greiðslna í gegnum Frístundakortið.

Árið 2008 verður fyrsta heila starfsár frístundaklúbba fyrir fötluð börn á aldrinum 10 til 16 ára.

Í starfsemi frístundaheimila er gert ráð fyrir auknum stuðningi við börn innflytjenda.

Sérstakt átak verður gert til að efla útivist og samveru foreldra og barna.

Gerður verður nýr þjónustusamningur milli aðildarsveitarfélaga Skiðasvæða Höfuðborgarsvæðisins.

Í samræmi við aukna áherslu á mannauðsmál hjá ÍTR verður farið í vinnustaðagreiningu á öllum starfsstöðum ÍTR, sem mun gefa niðurstöðu um það sem betur má fara í stjórnun og aðstöðu á starfsstöðum sviðsins. Veitt verður fjármagni í tálkþjónustu og haldið verður vinnueftirlitsnámskeið til að uppfylla skilyrði vinnuverndarlaga.


Umsjón með sumarráðningum skólafólks hjá Reykjavíkurborg flýst alfarið til ÍTR.

Nýir þjónustusamningar við íþrótt- og æskulýðssamtök taka gildi í ársbyrjun og gilda til ársloka 2010.


Í samvinnu við hagsmunaaðila verður unnið að uppbyggingu nýrrar aðstöðu fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf. Stefnt er að aukinni starfsemi í nýju hverfunum Grafarholti og Norðlingaholti.

Í starfsáætluninni er sett fram skipurit fyrir ÍTR og greint frá helstu verkefnum 2007. Meginhlutverk ÍTR er tilgreint og stefnukort birt ásamt skýringum og helstu verkefnum ársins. Settar eru fram lykiltölur og í skorkorti er að finna árangursmælingar.

Skipting rekstrar, tekna og gjalda



Skipurit Íþrótt- og tómstundasviðs



Helstu verkefni ÍTR 2007

Skrifstofa íþróttar- og tómstundasviðs

- Innleiðing Frístundakorts.
- Þjónustukannanir vegna frístundaheimila, sumarstarfs ÍTR og þjónustu við fötluð börn.
- Þróun samstarfs í hverfum.
- Flutningur skrifstofu ÍTR frá Fríkirkjuvegi 11 að Bæjarhálsi 1.
- Nýr þjónustusamningur við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

Fjármála- og rekstrarþjónusta

- Tekjuskráning sundlauga gerð rafræn með flutningi gagna úr Centara afgreiðslukerfi í Agresso fjárhagskerfi. Sama kerfi er notað við innheimtu.
- Innleiðing á rafrænni skráningu barna á sumarnámskeið í gegnum Rafræna Reykjavík. Sama kerfi er notað við innheimtu.

Starfsmannabjónusta

- Starfsstaðir ÍTR skila launagögnum beint til miðlægrar launadeildar Reykjavíkurborgar í stað þess að starfsmannabjónusta hafi þar milligöngu.
- Endurskoðun á hlutverki og þjónustu starfsmannabjónustu ÍTR.
- Samningur við Háskóla Íslands um þróun náms, kennslu og rannsóknir á sviði tómstundafræða endurnýjaður.
- Áhersla á þjónustu við erlenda viðskiptavinum í fræðslu til starfsfólks íþróttamannvirkja.
- Grunnnámskeið fyrir starfsfólk frístundaheimila haldið á ensku í fyrsta skipti.
- Handbók um hópastarf unnin fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva.

Tómstundamál

- Lenging á starfsemi félagsmiðstöðva til jafns við skólaárið.
- Starfsskrá gefin út (markmið og yfirlit yfir starfsemi).
- Rafræn skráning í gegnum Rafræna Reykjavík tekin upp í sumarstarfi.
- Heilsársrekstur frístundaheimila í Vesturbæ.
- Ný frístundamiðstöð, Miðborg og Hlíðar, sett á laggirnar og gerð að þekkingarmiðstöð ÍTR í málefnum innflytjenda.
- Frístundaklúbbar fyrir 10 til 16 ára fötluð börn og ungmenni settir á fót í fjórum hverfum borgarinnar.
- Frístundamiðstöðin Tónabær gerð að þekkingarmiðstöð ÍTR í málefnum fatlaðra á aldrinum 6 til 16 ára og sinnir ráðgjöf til starfsstaða.
- Útgáfa á foreldrahandbók frístundaheimila.
- Útgáfa kynningarbæklinga um félagsmiðstöðvar ÍTR.
- Hönnun og skipulag útivistarsvæðis í Gufunesi.

Íþróttamál

- Vesturbæjarlaug, undirbúningur við 25 m. yfirbyggða laug og líkamsræktarstöð.
- Undirbúningur vegna Vatnagarðs í Úlfarsárdal.
- Endurbætur á íþróttamannvirkjum við Dalhús í Grafarvogi og Árbæjarlaug.
- Gervigrasvöllur og sparkvöllir við Víkurveg teknir í notkun.
- Rekstur fimleikahúss og félagsaðstöðu hjá Ármanni og Þrótti færður til ÍTR.
- Skylmingaaðstaða í Laugardal tekin í notkun.
- Sparkvöllir við Hlíðaskóla, Ártúnsskóla og undirbúningur við fleiri velli.
- Brettagarður við Jafnasel opnaður.
- Endurbuygging Laugardalsvallar á vegum KSÍ í samstarfi við borgaryfirvöld.


Hlutverk ÍTR

Meginhlutverk Íþrótt- og tómstundasviðs er að:

- Skapa börnum, unglingum og ungmennum skilyrði til virkrar þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi sem hefur uppeldis- og forvarnargildi
- Stuðla að heilbrigði almennings með því að veita einstaklingum á öllum aldri gott aðgengi að fjölbreyttri íþróttaiðkun, alhliða líkamsrækt, skemmtun, afþreyingu og slökun.
- Vera í fararbroddi við að efla og þróa fagumhverfi frítímapjónustunnar.
- Veita íþrótt- og æskulýðsfélögum þjónustu og stuðning.

Til að sinna hlutverki sínu mun ÍTR eiga gott samstarf við önnur svið borgarinnar, þjónustumiðstöðvar, skóla, íþróttafélög, félagasamtök og fleiri. ÍTR úthlutar styrkjum til starfsemi og uppbyggingar æskulýðs- og íþróttastarfs í Reykjavík. Enn fremur veitir ÍTR íþrótt- og tómstundastyrki til foreldra barna á aldrinum 6 til 18 ára í gegnum Frístundakortið.

Stefnukort ÍTR 2008



Skýringar á markmiðum í stefnukorti

Þjónusta

Aukinn jöfnuður með Frístundakorti

Frístundakortið skapar nýja möguleika til þróunar starfsemi og samstarfs í skipulögðu frístundastarfi barna og unglinga í borginni. ÍTR leggur sérstaka áherslu á uppbyggingu samstarfs í hverfunum um aukið og bætt aðgengi ungs fólks að fjölbreytilegu starfi frjálsra félaga. Sérstaklega er horft til þeirra sem vegna félagslegrar einangrunar eða fjárhagslegrar stöðu fjölskyldunnar geta ekki nýtt sér það sem er í boði. Greining tölfraðilegra upplýsinga og öflugt kynningarstarf er meðal lykiliðnaðar Frístundakortsins.

Fjölbreyttar frístundir fyrir alla aldurshópa

Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi er mikilvægur farvegur menningar, menntunar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku við mótun borgaralegs samfélags. ÍTR leggur áherslu á heildræna sýn á þörf almennings fyrir fjölbreytt frístundastarf þar sem hver og einn finnur áhugamálum sínum og félagsþörf vettvang. Þróun þjónustu ÍTR byggir umfram annað á góðum samskiptum starfsmanna og notenda með það að leiðarljósi að mæta óskum borgarbúa.

Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum

Sjálfsögð mannréttindi eru að allt fólk fái hvatningu og möguleika til að rækta hæfileika sína með þátttöku í uppbyggilegu starfi í frítíma sínum. Engum verði mismunað á grundvelli kyns, uppruna, trúar, skoðana eða fötlunar. ÍTR vill tryggja að slík gildi séu ráðandi í allri starfsemi og leggur áherslu á að styrkir og aðrar fjárveitingar til íþróttar- og æskulýðsstarfs nýtist til starfsemi er byggir á mannréttindum.

Verklag

Skýrir verkferlar

ÍTR leggur áherslu á skýra verkferla til hagsbóta fyrir notendur, starfsfólk og samstarfsaðila og að öll málsmeðferð fái vandaða og skjóta afgreiðslu. ÍTR mun áfram leggja áherslu á að ábendingar og kvartanir séu tækifæri til að bæta þjónustuna.

Aðgengilegar upplýsingar og öflug vefsíða

Mikilvægt er að ÍTR komi á framfæri upplýsingum um þá þjónustu sem er í boði fyrir borgarbúa. Áhersla verður lögð á að efla vefsíðu sviðsins þar sem hún er hagkvæm en jafnframt áhrifarík leið til að koma á framfæri upplýsingum um heilbrigðar frístundir fyrir alla aldurshópa. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna margs konar möguleika til útivistar ásamt þjónustu ÍTR fyrir fatlaða, barnafjölskyldur og aldraða.

Sterk ímynd

Lögð er áhersla á að ímynd ÍTR sé jákvæð meðal almennings og samstarfsaðila. Sterk ímynd ÍTR byggir fyrst og fremst á góðri þjónustu og framsæknum vinnubrögðum. Jafnframt er mikilvægt að kynningarefni sé aðlaðandi með skýrum upplýsingum og að umhverfi þjónustu ÍTR sé hreint og heilsusamlegt. Sterk ímynd laðar að viðskiptavinum og starfsfólki.

Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila

Lögð er áhersla á samráð við hagsmunaaðila við stefnumótun, ákvarðanatöku og við eflingu faglegrar umræðu um málefni frítímans. Í þessu tilliti horfir ÍTR til notenda þjónustunnar, starfsfólks á vettvangi, stjórnmalamanna og sérfræðinga. ÍTR gerir þjónustusamninga við íþróttar- og æskulýðsfélög þar sem meðal annars er skilgreint með hvaða hætti samráð fer fram.



96%
foreldra eru ánægðir
með samstarfi ÍTR



86%
starfsmanna eiga auðvelt með
að samræma starf og einkalíf *

* Stefnt að 89% á næsta ári



Skýringar á markmiðum í stefnukorti

Mannauður

Aukinn mannauður til að mæta þörfinni í samfélaginu

Mikil þensla í samfélaginu hefur leitt til þess að ekki hefur tekist að manna allar stöður hjá ÍTR. Þessi skortur á starfsfólki ásamt aukinni eftirspurn þjónustu hefur valdið því að biðlistar hafa myndast á frístundaheimilum. ÍTR mun árið 2008 leita allra leiða til að laða að hæft starfsfólk. Jafnframt er ætlunin að hlúa að þeim mannauði sem fyrir er og styrkja með þeim hætti þá ímynd að ÍTR sé góður vinnustaður.

Öflugt fagumhverfi frítímapjónustunnar

Tómstundafræði er kennd á háskólastigi við Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Námsbraut í tómstundafræði á framhaldsskólastigi hefur verið undirbúin. Ekki hefur verið til formlegt nám fyrir starfsfólk sundlauga og íþróttahúsa. ÍTR vill styðja við slíkar námsbrautir og sjá til þess að námið sé metið til launa.

Hæfir og ánægðir starfsmenn

Allir starfsmenn skulu vera vel upplýstir um starfsemina og fá tækifæri til starfsþróunar með þjálfun, hvatningu, virðingu og stuðningi. Símenntunaráætlanir eru tæki til að tryggja markvissa fræðslu. ÍTR vill stuðla að starfsánægju með jákvæðu og hvetjandi starfsumhverfi. Þetta gerist meðal annars með því að styrkja frumkvæði starfsmanna, efla liðsanda og samstarf, standa vörð um jafnrétti og skapa sveigjanlegt, fjölskylduvænt og öruggt starfsumhverfi.

Framsækin starfsmannapjónusta

Umfang verkefna ÍTR hefur aukist undanfarin ár og þar með hefur starfsmönnum fjölgað. Það ásamt vakningu um mikilvægi mannauðsstjórnunar og þess að skapa gott og ánægjulegt starfsumhverfi á tímum þegar samkeppni er um vinnuafli hefur kallað á aukna þjónustu og stuðning frá starfsmannapjónustu.

Fjármál

Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármuna

ÍTR kappkostar að úthlutun fjárheimilda í fjárhagsáætlun sé í samræmi við pólitíska stefnumörkun. Horft verði til möguleika sem skapast geta til hagkvæmra þjónustusamninga og samstarfs við félagasamtök og einkaaðila um uppbyggingu og rekstur starfsemi. ÍTR mun leitast við að skapa rekstrarumhverfi sem byggir á sveigjanleika þar sem forsendur og aðstæður hvernar rekstrareiningar eru endurmetnar reglulega á starfsárinu.

Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar

Starfsemi ÍTR verður kostnaðargreind með tilliti til umfangs mannvirkja, þjónustustigs og mannafla. Gerður verður samamburður við aðra sambærilega starfsemi, bæði hjá ÍTR og öðrum aðilum. Vönduð kostnaðargreining sé ávallt grundvöllur að ákvörðun um starfsemi. Lögð verður áhersla á að fjárhagsrammar séu skýrir og tilbúnir tímanlega fyrir rekstrarárið.

Hagkvæmt og skilvirkt viðhald mannvirkja

Til að ÍTR geti sinnt hlutverki sínu þarf að vera nægjanlegt rými fyrir starfsemina, viðhald fasteigna markvisst og viðbrögð við bilunum skjót. Til að þetta nái fram að ganga þarf verkaskipting milli ÍTR og annarra sviða að vera skýr og byggð á öryggis- og hagkvæmnissjónarmiðum.

177.209

gestir heimsóttu Fjölskyldu- og húsdýragarðinn 2007



93%

starfsmanna ÍTR telja að vinnustaðurinn leggi áherslu á gæði í störfum og þjónustu



Þjónusta - helstu verkefni 2008

Aukinn jöfnuður með Frístundakortinu

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
1	Auðvelda enn frekar skráningu og ráðstöfun í rafrænu umhverfi Frístundakortsins. Efla upplýsingamiðlun og kynningarstarf meðal íbúa og samstarfsaðila.	Allt árið.	Verkefnisstjóri Frístundakortsins.
2	Þróa Frístundakortskerfið sem uppsprettu tölfræðilegra upplýsinga og sem greiningartæki varðandi aðstæður barna í hverfum borgarinnar. Byggja upp á einum stað gagnagrunn með yfirliti yfir skipulagða frístundastarfsemi fyrir börn og unglinga í Reykjavík.	Allt árið. Lögð verði fram töluleg gögn þrisvar á ári.	Skrifstofustjóri í samvinnu við verkefnisstjóra frístundakortsins.
3	Ná bestri nýtingu á Frístundakortinu, meðal annars með áherslu á að minnka brottfall barna og unglinga úr skipulögðu frístundastarfi og auka fjölbreytileika viðfangsefna. Sérstakt átak verði gert undir merkjum Frístundakortsins til að efla þátttöku ófélagsbundinna barna og unglinga sem af einhverjum orsökum geta ekki nýtt sér kosti skipulagðrar frístundastarfsemi.	Allt árið.	Skrifstofustjóri ÍTR.

Fjölbreyttar frístundir fyrir alla aldurshópa

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
4	Efla útivist og samveru foreldra og barna. Gefinn verði út bæklingur með upplýsingum um möguleika til útivistar og leikja í hverju hverfi borgarinnar sem dreift verði til borgarbúa. Átaki verði hrundið af stað til að hvetja foreldra og börn til að eiga skemmtilegan frítíma saman. Upplýsingar settar á vefsíðu um útivist fyrir alla aldurshópa.	1. maí.	Skrifstofustjóri tómstundamála og skrifstofustjóri íþróttamála.
5	Vinna að hönnun vegna uppbyggingar útivistarmiðstöðvar/frístundahúss við Gufunesbæ.	1. apríl.	Framkvæmdastjóri.
6	Halda áfram vinnu við framtíðarskipulag og uppbyggingu siglingaklúbbsins í Nauthólsvík. Kostnaðargreining verði unnin fyrir uppbyggingu útivistar- og leikjamiðstöðvar í Nauthólsvík.	1. maí.	Framkvæmdastjóri.
7	Starfrækja frístundaheimili fyrir 6 til 9 ára börn á heilsársgrundvelli til þess að auka stöðugleika í starfinu. Dagskrá frístundaheimila á sumrin verði með svipuðu sniði og verið hefur á sumarnámskeiðum.	Frá og með vori.	Skrifstofustjóri tómstundamála.
8	Auka þjónustu frístundamiðstöðva við 9 til 12 ára börn í formi frístundaklúbba í öllum hverfum borgarinnar.	Frá og með hausti.	Skrifstofustjóri tómstundamála.
9	Vinna að bættri nýtingu þeirra íþróttahúsa sem ÍTR rekur. Skoða hvort skólar ættu að greiða fasta fjárhæð og fá frjálssari afnot og athuga möguleika á meiri opnun, meðal annars í samstarfi við aðila sem bjóða upp á tómstundastarf.	Vor.	Skrifstofustjóri tómstundamála og skrifstofustjóri íþróttamála.
10	Koma á fót hlaupahópum við allar sundlaugar.	Janúar - mars.	Skrifstofustjóri íþróttamála.
11	Koma á sundleikfimi á eftirmiðdögum.	Apríl - maí.	Skrifstofustjóri íþróttamála.

Þjónusta - helstu verkefni 2008

Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
12	Auka stuðning við börn innflytjenda til að auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi.	September.	Skrifstofustjóri tómstundamála.
13	Vinna samþættingarverkefni í félagsmiðstöðvum og á frístundaheimilum. Samþættingaverkefnin ná til greiningar á starfinu með tilliti til kynja, félagslegrar einangrunar og barna og unglinga í áhættuhópi.	Allt árið.	Mannréttindafulltrúi.
14	Vinna aðgerðaráætlun varðandi aðgengi fatlaðra að starfsstöðum ÍTR.	September.	Eignafulltrúi.
15	Veita túlkapjónustu í foreldrasamtölum þegar þess er þörf.	Allt árið.	Skrifstofustjóri tómstundamála.
16	Veita styrk til einkarekinna skóla til reksturs frístundaheimila svo að foreldrar 6 - 8 ára barna í þeim skólum greiði sama gjald og foreldrar barna í öðrum skólum borgarinnar.	Janúar.	Skrifstofustjóri tómstundamála.
17	Vinna í samvinnu við hagsmunaaðila greiningu á nýtingu styrkja og annarra fjárveitinga frá Reykjavíkurborg til íþrótt- og æskulýðsfélaga meðal annars með tilliti til kynja, ólíkra greina og búsetu iðkenda. Úrbótum komið á þar sem þörf reynist.	Mars - júní.	Mannréttindafulltrúi.
18	Vinna jafnréttisáætlun í samstarfi við eitt íþróttafélag, sem tilraunaverkefni, og meta gagnsemi hennar og viðhorf iðkenda og foreldra til starfsins.	Janúar - mars.	Mannréttindafulltrúi í samvinnu við skrifstofustjóra íþróttamála.
19	Gera átak í því að fjölga kvenkyns gestum sundlauganna.	Allt árið.	Skrifstofustjóri íþróttamála í samvinnu við mannréttindafulltrúa.

94%

foreldra voru því mjög sammála eða frekar sammála að barninu þeirra þætti gaman á sumarnámskeiði ÍTR



„Haldið áfram á þessari braut. Frábært og ódýrt, vildi samt fá heitan mat í hádegis“ *

* Svar í opinni spurningu um sumarstarf ÍTR



Verklag - helstu verkefni 2008

Skýrir verkferlar

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
20	Byggja upp innri vef ÍTR sem ætlað er að veita starfsfólki ítarlegar upplýsingar um hvaðeina sem máli skiptir í störfum þeirra, svo sem gott verklag og annað sem bætir þjónustu og eykur skilvirkni og hagkvæmni. Vinnuhópur verði stofnaður sem hefur það hlutverk að ákveða innihald og kalla eftir efni á vefinn.	Allt árið.	Vefstjóri.
21	Meta hvar í starfsemi ÍTR vantar öryggisverkferla og sjá til þess að þeir verði unnir.	Lokið í maí.	Skrifstofustjóri íþróttamála og skrifstofustjóri tómstundamála.

Aðgengilegar upplýsingar og öflug vefsíða

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
22	Koma á fót ritnefnd sem stýrir vefsíðunni www.itr.is .	Janúar.	Vefstjóri.
23	Setja vefi starfsstaða ÍTR í vefumsjónarkerfið Content XXL.	Vor.	Vefstjóri í samvinnu við ritnefnd vefs.
24	Leggja áherslu á að kynna á vef ÍTR þá þjónustu sem ÍTR er með fyrir fatlaða, barnafólk og aldraða. Framsetning efnis uppfylli kröfur um aðgengi.	Febrúar.	Vefstjóri í samvinnu við forstöðumenn.
25	Leggja áherslu á að kynna þjónustu ÍTR fyrir innflytjendum. Greina hvaða upplýsingaefni frá ÍTR þarf að vera til á erlendum tungumálum og koma því í farveg.	Febrúar.	Mannréttindafulltrúi.

Sterk ímynd

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
26	Stofna starfshóp sem setur fram tillögur um aðgerðir til að styrkja ímynd ÍTR. Hópurinn horfi til samskipta við notendur, gæða þjónustunnar og kynningarstarfs.	Mars.	Framkvæmdastjóri.
27	Sjá til þess að allir starfsstaðir ÍTR séu merktir með nafni starfsstaðar og merkjum Reykjavíkurborgar og ÍTR.	Verði lokið í október.	Eignafulltrúi.
28	Samræma reglur um notkun sérstaks fatnaðar starfsmanna. Reglurnar verði settar inn á innri vef.	Febrúar.	Skrifstofustjóri íþróttamála og skrifstofustjóri tómstundamála.

Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
29	Gera nýja þjónustusamninga við æskulýðs- og íþróttafélög. Í þeim verður lögð áhersla á aukinn stuðning við íþróttafulltrúa sem hjá þeim starfa og markvissa eftirfylgd.	Janúar - febrúar.	Framkvæmdastjóri.
30	Halda samráðsþing um þjónustu ÍTR þar sem hagsmunaaðilar og íbúar geta komið ábendingum á framfæri.	Apríl.	Framkvæmdastjóri.

Mannauður - helstu verkefni 2008

Aukinn mannauður til að mæta þörfinni í samfélaginu

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
31	Vinna að því í samstarfi við skóla, frjáls félög og aðra aðila í hverfunum, að standa saman að ráðningum starfsfólks til að geta boðið upp á fleiri 100 % störf.	Allt árið.	Skrifstofustjóri ÍTR.
32	Kynna störf ÍTR fyrir fólki 60 ára og eldri og búa stjórnendur undir komu þeirra til starfa.	Janúar.	Fræðslufulltrúi.
33	Greina hvað betur mætti fara varðandi móttöku og vinnu-umhverfi starfsmanna af erlendum uppruna með viðtölum og rýnihópum.	Apríl.	Fræðslufulltrúi og fræðslustjóri.
34	Útfæra og koma á starfslokasamtölum sem hafa það að markmiði að greina hvað betur mætti fara í tengslum við starfið.	Janúar.	Mannauðsráðgjafi.
35	Stofna vinnuhóp sem skoðar og greinir hvernig fjölga megj fagfólki á frístundaheimilum.	Janúar.	Starfsmannastjóri.

Öflugt fagumhverfi frítímapjónustunnar

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
36	Gera úttekt á möguleikum uppbyggingar háskólanáms þar sem áhersla er lögð á nýtingu sundlauga og annarra íþróttamannvirkja ÍTR til bættrar lýðheilsu.	Apríl.	Fræðslustjóri.
37	Koma á fót hópi til að skoða með hvaða hætti nám í tómstundafræði verði metið til launa.	Janúar.	Fræðslustjóri.
38	Kynna nám á sviði tómstundafræða fyrir starfsfólki á frístundaheimilum og félagsmiðstöðum.	Apríl.	Fræðslustjóri.



1.700.000
gestir komu í sundlaugar
ÍTR árið 2007



Mannauður - helstu verkefni 2008

Hæfir og ánægðir starfsmenn

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
39	Fylgja eftir ákvæðum vinnuverndarlaga um skipun öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna á starfsstöðum ÍTR. Öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn sækja námskeið þar að lútandi. Úrbætur gerðar þar sem þörf er á.	Janúar - febrúar.	Fræðslustjóri og fræðslufulltrúi.
40	Nýta innri vef til að koma upplýsingum til starfsfólks og sem gleðigjafi.	Allt árið.	Fræðslufulltrúi.
41	Halda skemmtun fyrir starfsmenn ÍTR og fjölskyldur þeirra á árinu.	Haust.	Fræðslufulltrúi.
42	Útfæra ferli sem byggir á að starfsfólk sem er sérstaklega til þess þjálfað taki nýtt starfsfólk í fóstur.	Tengt móttöku nýrra starfsmanna í janúar, júní og september.	Fræðslustjóri.

Framsækin starfsmannabjónusta

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
43	Gera upplýsingar um ýmis atriði er varða starfsmannamál aðgengilegar starfsmönnum og stjórnendum á innri vef ÍTR.	Allt árið.	Starfsmannastjóri.
44	Gera vinnustaðagreiningu á öllum starfsstöðum ÍTR sem veitir ýmsar mikilvægar upplýsingar um vinnuumhverfi starfsmanna. Unnið verður að úrbótum í kjölfarið og stjórnendur fái handleiðslu.	Allt árið.	Mannauðsráðgjafi.
45	Veita hópleiðsögn og stjórnendahandleiðslu til að styðja stjórnendur.	Febrúar.	Mannauðsráðgjafi.



86%
foreldra telja barn sitt ánægt á
frístundaheimilinu



Fjármál - helstu verkefni 2008

Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármuna

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
46	Endurskoða tekjukurfu í unglingastarfi.	1. febrúar.	Fjármálastjóri í samvinnu við rekstrarstjóra tómstundasviðs.
47	Ljúka vinnu við skilgreiningu á grunnkostnaði við rekstur frístundamiðstöðva miðað við þjónustustig.	1. júní.	Fjármálastjóri í samvinnu við skrifstofustjóra skrifstofu tómstundamála.

Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
48	Kostnaðargreina starfssemi ÍTR með tilliti til umfangs mannvirkja, þjónustustigs og mannafla. Gera samanburð við aðra sambærilega starfsemi, bæði hjá ÍTR og öðrum aðilum.	September.	Fjármálastjóri.
49	Sjá til þess að fjárhagsrammar séu gegnsæir og tilbúnir tímanlega fyrir rekstrarárið.	Ágúst - september.	Fjármálastjóri.

Hagkvæmt og skilvirkt viðhald mannvirkja

	Aðgerðir:	Tímaáætlun:	Ábyrgðarmaður:
50	Vinna viðhaldsáætlun fyrir sundalaugakerfi, leiguhúsnæði og mannvirki ÍTR og skilgreina verkferla er lúta að samvinnu sviða til þess að lágmarka kostnað við viðgerðir og vegna truflunar á starfsemi.	Janúar - febrúar.	Tæknistjóri sundlauga og eignafulltrúi.



Haustið 2007 bættust tvær nýjar félagsmiðstöðvar í hópinn og eru þær því orðnar 21



Lykiltölur ÍTR 2008

Starfsmannamál	Raun 2005	Raun 2006	Raun/áætlun 2007
Heildarfjöldi starfsmanna hjá ÍTR (meðaltal)	845	1.016	1.111
Heildarfjöldi starfsmanna hjá ÍTR (1. október)	879	972	877
Konur	**	612	543
Karlar	**	360	334
Fjöldi starfsmanna á sviði tómstundamála (1. október)	538	602	531
Konur	**	**	375
Karlar	**	**	156
Fjöldi starfsmanna á sviði íþróttamála (1. október)	226	224	218
Konur	**	**	99
Karlar	**	**	119
Fjöldi starfsmanna á aðalskrifstofu (yfirstjórn)	21	21	22
Fjöldi starfsmanna sem starfa annars staðar hjá ÍTR (1. október)	94	125	106
Konur	**	**	69
Karlar	**	**	59
Fjöldi stöðugilda (1. október)	519	473	439
Fjöldi starfsfólks í 95-100% starfi (1. október)	404	382	406
Konur	**	**	228
Karlar	**	**	178
Fjöldi hlutastarfsmanna (1. október)	475	590	471
Konur	**	**	315
Karlar	**	**	156
Fjöldi hlutastarfsmanna á tímavinnusamningi (1. október)	115	125	58
Sumarráðningar hjá ÍTR, íþróttafélögum og í öðru æskulýðsstarfi	*	*	530
Konur	**	**	285
Karlar	**	**	245
Umsóknir um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg í gegnum Vinnumiðlun ungs fólks	2.606	2.557	2.750
Stúlkur	**	**	1884
Drengir	**	**	866
Ráðningar í sumarstörf hjá Vinnumiðlun ungs fólks	1.795	1.619	1.312
Stúlkur	**	**	714
Drengir	**	**	598

Fræðsla	Raun 2005	Raun 2006	Raun/áætlun 2007
Fjöldi námskeiða á vegum fræðsludeildar ÍTR	100	103	102
Fjöldi þátttakenda á námskeiðum fræðsludeildar ÍTR	2.500	2.563	2.228
Meðaltal námskeiðsstunda á þátttakanda	4	4	4,5
Fjöldi starfsmanna með virka símenntunaráætlun	*	257	389
Konur		154	246
Karlar		113	143

* Ekki greint

** Ekki greint niður á kyn

Lykiltölur ÍTR 2008

Aðsóknartölur	Raun 2005	Raun 2006	Raun/áætlun 2007
Aðsókn að sundstöðum	1.820.000	1.800.000	1.700.000
Aðsókn að Ylströnd	105.000	110.000	150.000
Fjöldi gesta í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn	184.203	158.212	177.209

Rekstrartölur	Raun 2005	Raun 2006	Raun/áætlun 2007
Heitt vatn í rúmmetrum	1.746.927	1.865.395	1.337.563
Kalt vatn í rúmmetrum	849.320	798.102	605.821
Raforkunotkun, kílówattstundir	5.939.133	6.051.768	5.824.257

Frístundaheimili	Raun 2005	Raun 2006	Raun/áætlun 2007
Frístundaheimilispláss samkvæmt áætlun (haust)	2.100	2.100	2.100
Fjöldi umsókna á frístundaheimili (haust)	2.277	2.591	2.817
Fjöldi barna á frístundaheimilum (vor)	2.031	2.047	2.313
Fjöldi barna á frístundaheimilum (haust)	2.277	2.591	2.054

Sumarstarf	Raun 2005	Raun 2006	Raun/áætlun 2007
Fjöldi barna í sumarstarfi	4.915	3.500	4.242
Stúlkur	**	**	2.121
Drengir	**	**	2.121

Leikvellir	Raun 2005	Raun 2006	Raun/áætlun 2007
Heimsóknir		7.584	8.000

Þátttaka unglunga	Raun 2005	Raun 2006	Raun/áætlun 2007
Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna	41	43	60
Stúlkur	**	**	37
Drengir	**	**	23
Þar af í Reykjavíkurráði			11
Stúlkur	**	**	6
Drengir	**	**	5
Fjöldi unglunga í félagsmiðstöðvahópum ÍTR og Vinnuskóla Reykjavíkur	139	135	158
Stúlkur	**	**	70
Drengir	**	**	88

* Ekki greint

** Ekki greint niður á kyn

Skorkort ÍTR 2008

	Raun 2007	Viðmið grænt % eða fjöldi	Viðmið gult % eða fjöldi	Viðmið rautt % eða fjöldi	Mælt á ári
Þjónusta					
Aukinn jöfnuður með Frístundakorti					
1 Hlutfall barna og unglinga sem nýta sér Frístundakortið.	*	70%	60-69%	0-59%	3x
2 Hlutfall barna og unglinga sem taka þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.	*	73%	65-72%	0-64%	3x
Fjölbreyttar frístundir fyrir alla aldurshópa					
3 Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með frístundaheimilin.	70,5%	73%	60-72%	0-59%	1x
4 Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með sumarstarf ÍTR.	96%	96%	80%-95%	0-79%	1x
5 Fjöldi gesta í sundlaugum.**	1.700.000	1.800.000	1.750.000	1.700.000	12x
6 Fjöldi heimsóknna aldraðra í sund.	220.000	250.000	230.000	220.000	12x
7 Fjöldi gesta í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.***	177.209	188.000	173.000	158.000	4x
Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum					
8 Fjöldi barna og unglinga sem taka þátt í verkefnum á grundvelli 5% reglunnar.	*	200	150-199	0-149	3x
9 Hlutfall starfsmanna sem telja að vinnustaðurinn leggi áherslu á gæði í störfum og þjónustu.	93,5%	94%	80-93%	0-79%	1x
10 Hlutfall kvenna af sundlaugargestum í hverri laug.	*	45%	42-44%	0-41%	12x
Verklag					
Skýrir verkferlar					
11 Fjöldi innlita á verkferlasíður innri vefs.	*	1.000	800	600	4x
Aðgengilegar upplýsingar og öflug vefsíða					
12 Fjöldi innlita á vefsíður ÍTR á viku.	6.313	7.000	6.500	6.000	52x
Sterk ímynd					
13 Hlutfall borgarbúa sem eru jákvæðir gagnvart ÍTR.	*	85%	70-84%	0-69%	1x
14 Hlutfall borgarbúa sem álíta gott að vinna hjá ÍTR.	*	80%	70-79%	0-69%	1x
Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila					
15 Hlutfall skilgreindra samstarfsaðila sem eru ánægðir með samstarfið við ÍTR.	*	80%	70-79%	0-69%	1x

Þau viðmið í skorkortinu sem notuð eru í mælikvörðum og hafa ekki verið notuð áður gæti þurft að leiðrétta.

* Ekki greint.

** Tölur fyrir þrjá síðustu mánuði ársins eru áætlaðar og eru miðaðar við þessa sömu mánuði á síðasta ári.

*** Miðað við 16. október 2007.

Skorkort ÍTR 2008

		Raun 2007	Viðmið grænt % eða fjöldi	Viðmið gult % eða fjöldi	Viðmið rautt % eða fjöldi	Mælt á ári
Mannauður						
Aukinn mannauður til að mæta þörfinni í samfélaginu						
16	Hlutfall starfa sem tekist hefur að manna á frístundaheimilum 1. október.	*	85%	80-84%	0-79%	1x
17	Hlutfall starfsmanna á frístundaheimilum sem eru í 100% starfi við að sinna börnum.	*	20%	10-19%	0-9%	1x
Öflugt fagumhverfi frítímapjónustunnar						
18	Hlutfall starfsmanna í tómstundastarfi sem hafa sérmenntun á sviði tómstundafræða.	*	10%	5-9%	0-4%	1x
19	Fjöldi nemenda sem hefja nám/taka áfanga í tómstundafræði í HÍ og KHÍ.	83	90	80-89	0-79	1x
Hæfir og ánægðir starfsmenn						
20	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið.	87,3%	90%	80-89%	0-79%	1x
21	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með vinnuaðstöðu sína.	76%	80%	70-79%	0-69%	1x
22	Hlutfall starfsmanna sem eiga auðvelt með að samræma starf og einkalíf.	86,2%	89%	80-88%	0-79%	1x
23	Hlutfall starfsm. sem telja sig hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar sl. 12 mán.	76,2%	80%	70-79%	0-69%	1x
Framsækin starfsmannapjónusta						
24	Hlutfall stjórnenda og millistjórnenda sem eru ánægðir með starfsmannapjónustu ÍTR.	*	80%	70-79%	0-69%	1x
25	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með stjórnunarhætti síns næsta yfirmanns.	*	80%	70-79%	0-69%	1x
26	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í starfsmannasamtal á síðustu 12 mánuðum.	53,9%	80%	70-79%	0-69%	1x
Fjármál						
Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna						
27	Þeking tekna frístundaheimilanna.	29%	30%	25-29%	0-24%	12x
28	Álagning í sölustarfsemi.	*	50%	40-49%	0-39%	12x
29	Hlutfall reikninga sem greiddir eru fyrir eindaga.	*	95-100%	80-94%	0-79%	4x
30	Innheimtuhlutfall gjalda.	97,7%	98%	80-97%	0-79%	4x
Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar						
31	Frávik frá fjárhagsáætlun.	2,3%	<1,0%	0,01-0,99%	>1%	12x
32	Frávik frá launaáætlun.	*	<1,0%	0,01-0,99%	>1%	12x
Hagkvæmt og skilvirkt viðhald mannvirkja						
33	Engin óeðlileg truflun á starfsemi vegna viðhalds samkvæmt skilgreiningum.	*	90%	85%-89%	0-84%	4x

* Ekki greint.

Fjárhagsáætlun 2008

Frumvarp 2008

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna	Kostnaðar- staður	Endurskoðuð áætlun 2007	Útkomuspá 2007	Gjöld	Tekjur	Mismunur
--------------------------------------	----------------------	----------------------------	-------------------	-------	--------	----------

Yfirstjórn

Yfirstjórn		134.215	157.361	139.561	0	139.561
------------	--	----------------	----------------	----------------	----------	----------------

Atvinnumál

Atvinnumál		10.855	12.832	84.987	0	84.987
------------	--	---------------	---------------	---------------	----------	---------------

Tómstundamál

Frístundamiðstöðvar	469.556	490.097	631.731	42.241	589.490
Hitt húsið	123.526	130.170	147.845	19.510	128.335
Frístundaheimili og frístundaklúbbar	459.691	575.664	818.669	242.714	575.955
Gæsluvellir	16.130	16.000	17.430	890	16.540
Miðlæg verkefni	106.283	92.330	103.178	4.113	99.065
	1.175.186	1.304.261	1.718.853	309.468	1.409.385

Íþróttamál

Sundlaugar	670.286	677.553	1.248.050	502.425	745.625
Íþróttamannvirki	160.072	167.175	343.645	143.690	199.955
Þjónusta við félög	42.356	43.725	52.090	100	51.990
Miðlæg verkefni	8.400	11.200	15.000	0	15.000
Framlag til Skíðasvæðis höfuðborgarsv.	54.754	54.300	76.055	0	76.055
	935.869	953.953	1.734.840	646.215	1.088.625

Önnur starfsemi

Menningartengd starfsemi	3.985	4.900	4.100	0	4.100
Hátíðarhöld 17. júní	25.000	25.000	25.630	0	25.630
Fólkvangur Kjalarnesi	2.539	3.229	3.650	310	3.340
Fjölskyldu- og húsdýragarður	110.825	121.651	247.204	111.920	135.284
Sameiginlegur kostnaður ÍTR	79.299	81.372	134.958	2.790	132.168
Langtímaveikindi og leyfi	32.145	35.000	44.800	0	44.800
Stöðugildi þjónustumiðstöðva	30.664	30.666	31.430	0	31.430
Gjaldfærð lausafjárkaup	15.000	40.000	40.000	0	40.000
	299.457	341.818	531.772	115.020	416.752

Styrkir

Húsaleiga af borgarmannvirkjum	447.772	444.193	518.121	0	518.121
Byggingarstyrkir	586.405	586.700	485.000	0	485.000
Húsaleigu- og æfingastyrkir	1.191.998	1.141.450	1.349.000	0	1.349.000
Frístundakort	180.000	180.000	400.000	0	400.000
Aðrir styrkir	102.907	71.300	90.000	0	90.000
	2.509.082	2.423.643	2.842.121	0	2.842.121

Íþrótt- og tómstundasvið samtals

	5.064.664	5.193.868	7.052.134	1.070.703	5.981.431
--	------------------	------------------	------------------	------------------	------------------

(Ráðstöfun afgangss) / greiðsla halla	I8464	9.466	0	0	0
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	I9000			19.426	19.426

Framlag til Íþrótt- og tómstundasviðs

	5.074.130	5.193.868	7.071.560	1.070.703	6.000.857
--	------------------	------------------	------------------	------------------	------------------